

Nr. 089 / 15 Öngull BA 21***Eldur og sekkur***

Skipaskr.nr. 1599
Smíðaður: Danmörku 1981, plast
Stærð: 5,53 brl. 5,29 bt.
Mesta lengd: 8,54 m Skráð lengd: 8,21 m
Breidd: 2,53 m Dýpt: 1,01 m
Vél: Vetus 55 kW, 1996
Fjöldi skipverja: 1



Öngull©Fiskifrétir

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 10. ágúst 2015 var Öngull BA 21 á strandveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: V 5-8 m/s, ölduhæð 1,5 m og gott skyggni.

Á veiðunum þegar báturinn var staddur um 16 sml vestur af Blakk kom upp eldur í stýrishúsinu. Skipstjórinn hringdi í 112 eftir aðstoð sem vísaði samtalinu til Vaktstöðar siglinga en þá slitnaði samtalið. Kallað var á nærstöð skip og báta um að halda þegar á staðinn og kom Sól BA 14, bjargaði skipstjóranum af skut bátsins og fór með hann til Patreksfjarðar.

Björgunarsveit gerði tilraun til að bjarga Öngli en það tókst ekki og Öngull sökk um kl. 18:50 á stað 65°43N og 024°55V.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn kvaðst hafa verið í stýrishúsinu u.þ.b. 15 mínútum áður en hann varð eldsins var þar sem hann hafði verið að kippa á milli svæða;
- að skipstjórinn taldi líklegast að eldurinn hafi kviknað út frá olíumiðstöð sem var í gangi vegna kulda og slaga í lúkarnum;
- að skipstjórinn náði í handslökkvitæki og reyndi að sprauta úr því en sökum þrýstings út úr stýrishúsinu fór megnið af innihaldi tækisins yfir hann sjálfan;

- að mikill eldsmat var í stýrishúsinu t.d. föt, sængurföt, neyðarblys, flotbúningar og olíutankur undir gólfi;
- að skipstjórinn náði að koma björgunarbát af stýrishúsinu í sjóinn en gerði ekki tilraun til að sprengja hann upp;
- að ekki var lögskráð á bátinn þegar eldurinn kom upp og hafði ekki verið síðan í júní.

Nefndarálit:

Orsök eldsins eru ókunn.

Nefndin átelur skipstjórnann fyrir að hafa ekki lögskráð á bátinn.